

13.febrúar 2026

Sveitarfélagið Vogar

Umsögn foreldraráðs Suðurvalla um skóladagatal 2026-2027

Foreldraráð Suðurvalla þakkar fyrir góða yfirferð á skóladagatali Leikskólans Suðurvalla fyrir skólaárið 2026-2027.

Teljum við það vera skynsamlega ákvörðun í ljósi mögulegra framkvæmda á leikskóla í sumar að svigrúm sé gefið í upphafi skólaárs og að aðlögun verði ekki hafin strax fyrstu dagana. Einnig erum við sammála því að mikilvægt er fyrir börn sem eru að færast yfir á nýja deild að þau fái örfáa daga í aðlögun á nýrri deild áður en ný börn eru tekin inn.

Gott að fyrirkomulag skráningardaga sé breytt svo reikningur fyrir leikskólagjöldum sé í samræmi við frídaga í mánuðinum.

Teljum það vera gott skref að fækka þemadögum líkt og rauðum og bleikum degi þar sem krafa er á að börn komi í ákveðnum klæðnaði eða með dót að heiman. Teljum við þetta draga úr streitu og álagi bæði á börn og foreldra. Gaman er að leikskólinn ætli að vinna öðruvísi með þessa daga til dæmis í formi ákveðins þema í föndri eða leik.

Foreldraráð Suðurvalla

Petra Ruth Rúnarsdóttir

Katrín Huld Káradóttir

Camilla Hjördís Samúelsdóttir